



104. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í stofu íslenskra fræða þriðjudaginn 28. mars 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Bragi Bjarnason, Hildur Hálfdanardóttir sem ritaði fundargerð, Eydís Indriðadóttir, Jón Forni Snæbjörnsson fulltrúi kennara, Hekla Dís Sigurðardóttir fulltrúi nemenda, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Daði Geir Samúelsson, Fanney Ólöf Lárusdóttir og Ágúst Friðriksson fulltrúi foreldra. Jóhannes Sveinbjörnsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Staða fjármála
2. 70 Ára afmæli ML
3. Önnur mál

Gunnar setur fundinn. Gunnar óskar Jónu Kötu innilega til hamingju með skólameistarastöðuna sem hún var skipuð í frá og með 26. janúar 2023

1. Staða fjármála

Jóna Katrín fjallar um stöðu fjármála. Aðhaldsaðgerðir voru meðal annars að yfirvinna kennara var takmörkuð og minna val í boði fyrir nemendur í þriðja bekk. Farið var yfir tekjur og gjöld heimavistar sem hefur verið rekið í halla síðust misseri, hófleg hækkun í vændum á næstu önn. Taxtahækkunar launa helsta ástæða aukinna útgjalda. Jóna Katrín sendir tillögu á hækkun gjalda fyrir mótuneyti, heimavistir og þvotthús til nefndarmanna.

2. 70 ára afmæli ML

12. apríl 2023 kl. 13.00 byrjar hátíðardagskrá í íþróttahúsi Laugarvatns. Ræðuhöld (Gunnar Þorgeirsson heldur tölu fyrir hönd skólanefndar), kórinn syngur og málverk af Halldóri Páli afhjúpað. Eftir hátíðardagskrá verður opið hús í Menntaskólanum fyrir gesti þar sem er boðið upp á köku og kaffi.

3. Önnur mál

Fjallað um mótuneytið og að það standi vel fjárhagslega.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:43

Fundagerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir